

Skólaráðsfundur á Teams

29.10.2020

Mættir: Kristín H fulltrúi almennra starfsmanna, Manassa og Elsa Lára fulltrúar foreldra, Særún fulltrúi úr samfélagi, Kristjana og Elín Sam fulltrúar kennara, Ingibjörg Lára og Unnur Margrét fulltrúar nemenda, Hálfðan skólastjóri og fundarstjóri.

1. Starfsáætlun skólans

- Óskað eftir athugasemdum um starfsáætlun
- Fyrirspurn um mögulega rýmingu skólans hvort það sé nógu skýrt hvert eigi að fara og hvaða leið.
-Rýmingaráætlun fyrir bruna er til, unnið er að nýju skipulagi sem miðar að viðbrögðum við jarðskjálfta.
- Athugasemdum orðalag á einhverjum stöðum sem verður send til skólastjóra.
- Bent á að ekki sé skýrt tekið fram í áætlun hvernig niðurstöður úr skólapúlsinum séu nýttar. Hver sé tilgangurinn með þátttöku í honum.

2. Covid 19

- Ekki er hægt að hólfaskipta skólanum án þess að skerða starfsemi hans. Hér starfa kennarar á öllum stigum.
- Sóttvarnarlæknir hefur boðað hertar aðgerðir og verður farið í að endurskipuleggja áætlun um covid þegar nýjar upplýsingar berast. Skjalið er í stöðugri endurskoðun og tekur breytingum í samræmi við tillögur sóttvarnarlæknis hverju sinni.
- Smit hafa komið upp í samfélaginu en engin innan skólans. Einhverjir hafa þó farið í sóttkví undanfarið.
- Fyrirspurn kom um hvort skólinn fari aftur í lokun eins og var í fyrri bylgju. Ef svo er óska nemendur eftir að nemendur í heimakennslu fái aukna aðstoð frá kennurum í öðrum greinum.
- Hugmynd kom frá fulltrúa foreldra um hvort foreldrafélagið gæti mögulega gert eitthvað skemmtilegt fyrir nemendur til að brjóta upp hversdagsleikann. T.d bjóða upp á kakó eða eitthvað sem myndi falla innan ramma sóttvarnartilmæla. Vel tekið í hugmyndina og fólk hvatt til að hugsa mögulega leið.

3. Viðbrögð við jarðskjálfta

- Áætlun um viðbrögð við jarðskjálfta komin á vef skólans.
- Rýmingaráætlun er í vinnslu um viðbrögð við mjög stórum skjálfta. Þ.e hvert eiga nemendur að safnast saman í nafnakall sambærilegt við rýmingaráætlun eldsvoða.
- Nú þegar hefur verið tekin æfing í 2. bekk þar sem nemendur fóru undir borð. Áhersla lögð á að æfa rétt viðbrögð en þó án þess að valda uppnámi. Nemendur minntir á að í síðasta stóra skjálfta skemmdust engin hús og engir hlutir.
- Ábending um að passa að allar hillur og skápar séu vel festar við veggi og að ekki séu þungir hlutir sem gætu fallið á fólk. Hálfðan hefur sambandi við öryggisfulltrúa um að þeir fari yfir stöðuna.

- Ábending um að huga að andlegri líðan barna ef kemur stór skjálfti. Hætta á miklu uppnámi í hópnum og ítrekað mikilvægi þess að undirbúa börnin með það í huga að bregðast rétt við (fara undir borð) og halda ró sinni.

4. Líðankönnun

- Farið lauslega yfir niðurstöður og rætt um hvernig upplýsingar úr þeim eru nýttar til að bæta skólastarfið.

5. Önnur mál

- a) Tillaga frá fulltrúum nemenda um aukna kynfræðslu í skólann. Tillaga um að fá Siggú Dögg eða Sólborgu inn í skólann.
Nemendur hafa aðgang að hjúkrunarfræðingi ef þeir hafa spruningar eða þurfa að ræða málin en það getur reynst þeim erfitt að bera upp spurningar og því hentar þeim oft betur að fá upplýsingarnar án þess að þurfa að spyrja spurninga sjálfir.
Skólinn hefur verið í mikilli samvinnu við félagsmiðstöð varðandi að fá inn kynfræðslu og lagt áherslu á að hafa fræðsluna líka utan skóla þar sem nemendur geta valið að mæta.
- b) Ábending um að fá bókina Fávitar eftir Sólborgu Guðbrandsdóttur. Bókin inniheldur mörg hundruð spurningar íslenskra unglinga sem hún hefur séð um að svara á Instagramsíðunni fávitar og í fyrirlesturum um allt land.
- c) Fyrirspurn um hvort skólinn hafi mótað sér stefnu um notkun síma í skólum.
Hvort það þyki æskilegt að bjóða uppá símanotkun í lok tíma frekar en t.d spil þar sem spilin byggja frekar á samskiptum en síminn.
-Reglur eru til um notkun síma í skólanum. Nemendum er frjálst að nota tækin í frímínútum. Í tímum þarf leyfi frá kennara.
-Kom ábending um að nemendum þykir oft áhugavert að segja frá því sem þeir eru að gera í síma eða sýna leiki sem þeim finnast áhugaverðir. Símtæki getur því vel stuðlað að frásögn nemanda og samskiptum ásamt því að vera hvati til að vinna vel í tíma. Mikilvægt er að nemendur sem eiga erfitt með að einbeita sér í námi fái einhverskonar umbun og því þarf alltaf að vera fjölbreytni í þeim leiðum sem eru farnar í lok tíma og er sími eitt af því.
- d) Hálfðan sagði frá viðhorfskönnun sem á að senda á foreldra.

Fundi slitið eftir 1 klukkustund og 16 mínútur

Fundarritari:

Elín Þ. Samúelsdóttir